

TILSKIPUN RÁÐSINS 93/103/EB

frá 23. nóvember 1993

um lágmarkskröfur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu við vinnu um borð í fiskiskipum (þrettánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 118. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾, sem samin var í samráði við ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum,

í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ályktun sinni frá 21. desember 1987, um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustað ⁽⁴⁾, benti ráðið á að framkvæmdastjórnin hefði í hyggju að leggja fyrir það lágmarkskröfur um skipulag öryggis- og heilbrigðismála starfsmanna á vinnustöðum.

Gera ætti ráðstafanir til þess að öryggis- og heilsuvernd verði hluti af hinum ýmsu ráðstöfunum bandalagsins á sviði fiskiðnaðar.

Mikilvægt er að lágmarkskröfur um aukna tryggingu fyrir öryggis- og heilsuvernd um borð í fiskiskipum séu uppfylltar svo að öryggis- og heilsuvernd starfsmanna sem hlut eiga að máli sé tryggð.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 337, 31. 12. 1991, bls. 21; Stjtið. EB nr. C 311, 27. 11. 1992, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 241, 21. 9. 1992, bls. 106; og ákvörðun frá 27. október 1993 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*)

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 169, 6. 7. 1992, bls. 46.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. C 28, 3. 2. 1988, bls. 1.

Vegna hinna sérstöku og afar erfiðu vinnuskilyrða og lífskjara um borð í fiskiskipum er tíðni dauðaslysa meðal starfsmanna sem stunda fiskveiðar á sjó mjög há.

Þann 15. apríl 1988 samþykkti Evrópuþingið ályktun þar sem lögð er áhersla á hve brýnt sé að sinna forvörnum til að auka vinnuöryggi um borð í fiskiskipum.

Með öryggi og heilsu viðkomandi starfsmanna í huga skal unninn bráður bugur að því að finna nauðstödd fiskiskip, einkum með hjálp nýrrar tækni.

Þessi tilskipun er sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽⁵⁾. Því er hægt að beita til fulls ákvæðum fyrrnefndrar tilskipunar um vinnu um borð í fiskiskipum, án þess að það brjóti í bága við strangari og/eða sérhæfðari ákvæði sem í þessari tilskipun felast.

Sértilskipanirnar sem þegar hafa verið samþykktar á sviði öryggis- og hollustu á vinnustöðum gilda um fiskveiðar á sjó nema annað sé tilgreint. Nauðsynlegt kann að vera í sumum tilvikum að skilgreina þau sérstöku starfsskilyrði sem um er að ræða til að tryggja að sértilskipununum sé beitt með sem árangursríkustum hætti.

Ákvæðum tilskipunar ráðsins 92/29/EBE frá 31. mars 1992, um lágmarkskröfur um öryggi- og hollustu til að bæta lækismedferð um borð í skipum ⁽⁶⁾, er hægt að beita til fulls um fiskveiðar á sjó.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 183, 29. 6. 1989, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB nr. L 113, 30. 4. 1992, bls. 19.

Þessi tilskipun er skref í þá átt að gera hina félagslegu hlið innri markaðarins að veruleika.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Efni

1. Með þessari tilskipun, sem er þrettánda sértilskipunin í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE, eru gerðar lágmarkskröfur um öryggi og hollustu um borð í skipunum sem skilgreind eru í 2. gr.

2. Hægt er að beita til fulls ákvæðum 89/391/EBE á því sviði sem um getur í 1. mgr., án þess að það brjóti í bága við strangari og/eða sérhæfðari ákvæði sem í þessari tilskipun felast.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) *fiskiskip*: skip sem siglir undir fána aðildarríkis eða er skráð innan óskoraðrar lögsögu aðildarríkis og er notað í ábataskyni annaðhvort til fiskveiða eða til að veiða og vinna fisk eða aðrar lífrænar sjávarauðlindir;
- b) *nýtt fiskiskip*: fiskiskip sem er 15 metrar eða lengra milli lóðlína og um er gerður, á þeim degi eða eftir þann dag sem tilgreindur er í fyrstu undirgrein 1. mgr. 13. gr.:
 - i) samningur um smíði eða meiri háttar breytingu; eða
 - ii) samningur um smíði eða meiri háttar breytingu fyrir þann dag sem tilgreindur er í fyrstu undirgrein 1. mgr. 13. gr. og er afhent þremur eða fleiri árum eftir þann dag; eða
 - iii) ef smíðasamningur er ekki fyrir hendi:
 - kjölur er lagður, eða
 - smíði sem tengja má beint við tiltekið skip hefst, eða
 - samsetning hefur hafist þar sem notuð eru að minnsta kosti 50 tonn eða 1% af áætluðum massa alls smíðaefnis, hvort sem er minna;

c) *eldra fiskiskip*: fiskiskip sem er 18 metrar eða lengra milli lóðlína og er ekki nýtt fiskiskip;

d) *skip*: nýtt fiskiskip eða fiskiskip í notkun;

e) *starfsmaður*: einstaklingur sem gegnir starfi um borð í skipi, þar með taldir viðvaningar og lærlingar en að undanskildum og landmönnum sem gegna starfi um borð í skipum sem liggja við bryggju og hafnsögu-mönnum;

f) *eigandi*: skráður eigandi skips, nema skipið hafi verið leigt samkvæmt samningi, eða sé annaðhvort að fullu eða að hluta undir stjórn einstaklings eða lögaðila annars en skráðs eiganda samkvæmt skilmálum stjórnunarsamnings; í slíkum tilvikum skal eigandi vera tilgreindur, eftir því sem við á, sem samningsleigutaki eða einstaklingur eða lögaðili með skipið undir stjórn;

g) *skipstjóri*: starfsmaður sem, í samræmi við landslög og/eða hefðir, stjórnar skipi eða ber ábyrgð á því.

3. gr.

Almenn ákvæði

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að:

- a) eigendur tryggja að skip þeirra séu notuð þannig að öryggi og heilsu starfsmann verði ekki stofnað í hættu, einkum ef horfur eru á tvísýnum veðurskilyrðum, með fyrirvara um ábyrgð skipstjóra;
- b) tekið sé tillit til hættu sem aðrir starfsmenn eru í þegar 4. mgr. 8. gr. tilskipunar 89/391/EBE er beitt;
- c) öllum atvikum á sjó sem hafa eða geta haft áhrif á öryggi og heilsu starfsmanna um borð sé lýst í nákvæmri skýrslu sem send er viðkomandi lögbærum yfirvöldum og þau skráð gaumgæfilega og nákvæmlega í skipsdagbókina í þeim tilvikum sem lög og reglur viðkomandi lands mæla fyrir um að slík dagbók sé haldin um borð í þeirri tegund skips sem um ræðir eða, ef slík dagbók er ekki fyrir hendi, í skjal sem krafist er í þessu skyni.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skip sæti reglulegu eftirliti yfirvalda, sem hafa sérstakt leyfi til að framkvæma slíkt eftirlit, svo kröfur þessarar tilskipunar séu uppfylltar.

Tiltekið eftirlit með því hvort kröfum þessarar tilskipunar sé hlítt má framkvæma á hafi úti.

4. gr.

Ný fiskiskip

Ný fiskiskip skulu uppfylla lágmarkskröfur um öryggi og hollustu sem mælt er fyrir um í I. viðauka eigi síðar en þann dag sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 13. gr.

5. gr.

Eldri fiskiskip

Eldri fiskiskip skulu uppfylla lágmarkskröfur um öryggi og hollustu sem mælt er fyrir um II. viðauka eigi síðar en sjö árum frá deginum sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 13. gr.

6. gr.

Viðamiklar viðgerðir og breytingar

Purfi að framkvæma á skipum viðamiklar viðgerðir og breytingar á deginum eða eftir daginn sem tilgreindur er í fyrstu undirgrein 1. mgr. 13. gr. skulu viðamiklar viðgerðir og breytingar af þessu tagi uppfylla viðeigandi lágmarkskröfur sem mælt er fyrir um í I. viðauka.

7. gr.

Búnaður og viðhald

1. Til að gæta öryggis og heilsu starfsmanna skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, með fyrirvara um ábyrgð skipstjóra, að eigendur:

- a) sjái til þess að skipunum ásamt útbúnaði og tækjum, einkum þeim sem um getur í I. og II. viðauka, sé tæknilega haldið við og komi í ljós gallar í þeim sem geta haft áhrif á öryggi og hollustu starfsmanna verði þeir lagfærðir eins fljótt og auðið er;
- b) geri ráðstafanir til að tryggja að skipið og allur útbúnaður og tæki þess séu hreinsuð reglulega til þess að viðhalda nægilegu hreinlæti;
- c) sjái til þess að um borð í skipi sé nógu mikið af björgunar- og lífgjafarbúnaði í góðu ásigkomulagi;
- d) hafa til hliðsjónar lágmarkskröfur um öryggi og heilbrigði í tengslum við björgunar- og lífgjafarbúnað sem um getur í III. viðauka;
- e) með fyrirvara um ákvæði tilskipunar ráðsins 89/656/EBE frá 30. nóvember 1989 um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu er starfsmenn nota persónuhlífar á vinnustöðum (þriðja sértilskipun í

skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE ⁽¹⁾), (hafa hliðsjón af tækniforskriftum fyrir persónuhlífar sem um getur í IV. viðauka við þessa tilskipun.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, með öryggi og hollustu starfsmanna í huga, að eigandinn sjái skipstjóranum fyrir nauðsynlegum búnaði og úrræðum til að hann geti uppfyllt þær skyldur sem á hann eru lagðar með þessari tilskipun.

8. gr.

Upplýsingar fyrir starfsmenn

1. Með fyrirvara um ákvæði 10. gr. tilskipunar 89/391/EBE, skal upplýsa starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra um allar þær ráðstafanir sem gerðar eru vegna öryggis og hollustu um borð í skipum.

2. Upplýsingarnar skulu vera skiljanlegar viðkomandi starfsmönnum.

9. gr.

Þjálfun starfsmanna

1. Með fyrirvara um 12. gr. tilskipunar 89/391/EBE skulu starfsmenn hljóta viðeigandi þjálfun, einkum í formi nákvæmra og skiljanlegra leiðbeininga um öryggi og hollustu um borð í skipum og sérstaklega um slysavarnir.

2. Þjálfunin sem um getur í 1. mgr. skal einkum taka til slökkvistarfa, notkun björgunar- og lífgjafarbúnaðar fyrir starfsmennina sem í hlut eiga, notkun veiðarfæra og lyftibúnaðar ásamt notkun ýmissa tegunda merkja, að handmerkjum meðtöldum.

Slík þjálfun skal eftir þörfum aðlöguð breytingum á starfsháttum um borð.

10. gr.

Umfangsmikil þjálfun einstaklinga sem vænta má að hafi með höndum stjórn á skipum

Með fyrirvara um 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 92/29/EBE skulu einstaklingar sem vænta má að hafi með hendi stjórn á skipum fá umfangsmikla þjálfun í:

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 393, 30. 12. 1989, bls. 18.

- a) að koma í veg fyrir veikindi af völdum vinnu, slysum um borð í skipum og viðbrögð við slysum sem verða;
- b) stöðugleika og viðhaldi skips við allar fyrirsjáanlegar hleðsluáðstæður þess við fiskveiðar;
- c) þráðlausri leiðsögn og fjarskiptum, þar með töldum aðferðum.

11. gr.

Samráð við starfsmenn

Samráð starfsmanna og/eða fulltrúa þeirra og þátttaka í viðræðum um mál sem falla undir þessa tilskipun eða viðauka hennar skulu fara fram samkvæmt 11. gr. tilskipunar 89/391/EBE.

12. gr.

Aðlögun viðaukanna

Hreinni tækniáðlögun viðaukanna sem tekur mið af:

- aðlögun tilskipana á sviði tæknilegrar samræmingar og stöðlunar sem taka til tiltekinna þátta öryggis og hollustu um borð í skipum, og/eða
- tækniframförum, breytingum í alþjóðlegum reglugerðum eða tæknilýsingum, auk nýrra uppgötvana á sviði öryggis og hollustu um borð í skipum,

skal komið á í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr. tilskipunar 89/391/EBE.

13. gr.

Lokaákvæði

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síð-

ar en 23. nóvember 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt hafa verið um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu á fjögurra ára fresti um hagnýta framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar þar sem fram koma sjónarmið atvinnurekenda og starfsmanna.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Evrópuþinginu, ráðinu, efnahags- og félagsmálanefndinni og ráðgjafarnefndin um öryggi, hreinlæti og heilbrigði á vinnustað um það.

4. Framkvæmdastjórnin skal reglulega leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina um framkvæmd tilskipunarinnar, að teknu tilliti til 1., 2. og 3. mgr.

14. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. nóvember 1993.

Fyrir hönd ráðsins,

M. SMET

forseti.

I. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR UM ÖRYGGI OG HOLLUSTUHÆTTI UM BORD Í NÝJUM FISKISKIPUM

(4., 6. gr. og 7. (a-liður 1. mgr.) gr.)

Almenn athugasemd

Þær kröfur sem mælt er fyrir um í viðauka þessum eiga ávallt við þegar þess er krafist vegna aðstæðna á vinnustað, vegna þeirrar starfsemi sem stunduð er, umhverfis eða aðsteðjandi hættu um bord í nýju fiskiskipi.

1. Haffærni og stöðugleiki

- 1.1. Skipinu skal haldið í haffæru ástandi og vera búið viðeigandi búnaði sem hentar tilgangi þess og notkun.
- 1.2. Upplýsingar um stöðugleika skipsins skulu vera fyrir hendi um bord og vera aðgengilegar vakthafandi mönnum.
- 1.3. Við venjulega notkun óskemmds skips skal það hafa nægilegan stöðugleika.
Skipstjóranum ber að gera nauðsynlegar fyrirbyggjandi ráðstafanir sem miða að því að skipið hafi nægilegan stöðugleika.
Farið skal eftir fyrirmælum um stöðugleika skipsins í einu og öllu.

2. Vélar og rafbúnaður

- 2.1. Rafbúnaður skal þannig hannaður og útfærður að engin hætta fylgi og að tryggt sé:
 - að skip og skipshöfn sé varin gegn hættu af völdum rafmagns,
 - að allur búnaður sem nauðsynlegur er til að viðhalda eðlilegri starfsemi og lífsskilyrðum virki með eðlilegum hætti án þess að neyðarorkubirgðir séu nýttar,
 - að raftæki sem eru nauðsynleg vegna öryggis í öllum neyðartilvikum starfi rétt.
- 2.2. Séð skal fyrir neyðarorkuveitu.
Neyðarorkuveita skal staðsett utan vélarúms, nema ef um er að ræða opið skip, og skal í öllum tilvikum þannig komið fyrir að þótt eldsvoði eða bilun verði í aðalraforkuveitu skuli í minnst þrjár klukkustundir vera hægt að starfrækja:
 - innanhússboðskiptakerfi, eldskynjara og neyðarmerki,
 - siglingarljós og neyðarlýsingu,
 - fjarskiptabúnað,
 - rafknúna neyðarslökkvidælu, ef hún er fyrir hendi.

Ef neyðarorkuveita er rafgeymir og aðalorkuveitan bregst skal rafgeymirinn tengjast sjálfvirkir við skiptiborð fyrir neyðarraforku og veita orku óslitið í þrjár klukkustundir til kerfanna sem um getur í fyrsta, öðrum og þriðja undirliði annarrar undirgreinar.

Aðalraforkuskiptiborð og neyðarskiptiborð skulu eftir fremsta megni vera sett þannig upp að þau verði ekki samtímis fyrir vatns- eða eldskemmdum.
- 2.3. Skiptiborð skulu greinilega merkt; útsláttaröryggiskassar og -hylki skulu reglulega skoðuð til að tryggja að rétt stærð vartappa sé notuð.
- 2.4. Klefar þar sem rafgeymar eru staðsettir skulu vera nægilega loftræstir.

- 2.5. Rafeindaleiðsögutæki skulu prófuð oft og þeim haldið vel við.
- 2.6. Allur spil- og lyftibúnaður skal prófaður og skoðaður reglulega.
- 2.7. Öllum hlutum lyfti-, spilbúnaðar og tengds búnaðar skal haldið við og þeir skulu vera í góðu lagi.
- 2.8. Ef kæliklefar og þrýstiloftskerfi eru um borð skal þeim haldið vel við og þau skoðuð reglulega.
- 2.9. Eldunar- og heimilistæki sem brenna þungu gasi skulu eingöngu notuð þar sem loftræsting er fullnægjandi og þess skal gætt að ekki myndist hættulegar lofttegundir við notkun þeirra.

Þrýstihylki sem innihalda eldfimar og aðrar hættulegar lofttegundir skulu merkt með innihaldi þeirra og varðveitt á opnum þilförum.

Allir lokar, þrýstijafnarar og leiðslur frá þrýstihylkjunum skulu varin fyrir skemmdum.

3. Fjarskiptabúnaður

Unnt skal vera að hafa samband með fjarskiptabúnaði hvenær sem er við að minnsta kosti eina strand- eða landstöð að teknu tilliti til venjulegra aðstæðna til sendingar útvarpsbylgna.

4. Undankomuleiðir og neyðarútgangar

- 4.1. Undankomu- og útgönguleiðum, sem unnt er að nota sem neyðarútganga, skal ávallt haldið ótepptum og aðgengilegum og skal leiðin liggja sem beinast út undir bert loft eða á öruggan stað og þaðan til björgunarfarars þannig að starfsmenn geti yfirgefið vinnustaði sína og vistarverur ein fljótt og unnt er.

- 4.2. Fjöldi undankomuleiða og neyðarútganga, staðsetning þeirra og stærð skulu miðast við notkun, útbúnað og stærð vinnustaðar og vistarvera og þann mannfjölda sem þar getur mestur orðið.

Í neyðartilviki skulu starfsmenn eða hjálparliðar geta tekið í notkun útgönguleiðir sem hægt er að nota sem neyðarútganga en eru lokaðir öllu jöfnu.

- 4.3. Neyðardyr og aðrar neyðarútgönguleiðir skulu vera nægilega vind- og vatnsheldar miðað við staðsetningu þeirra og tilgang.

Neyðardyr og aðrar neyðarútgönguleiðir skulu vera jafn eldþolnar og skilrúm.

- 4.4. Auðkenna skal sérstakar undankomuleiðir og neyðarútganga með skiltum í samræmi við þær innanlands-reglur sem settar hafa verið til að framfylgja tilskipun 92/58/EBE ⁽¹⁾.

Skiltunum skal komið fyrir á viðeigandi stöðum og skulu þau vera endingargóð.

- 4.5. Þar sem lýsingar er þörf í neyðarútgöngum og á undankomuleiðum skal vera fullnægjandi neyðarlýsing ef straumlaust verður.

5. Eldvarnir og slökkvistarf

- 5.1. Eftir því sem stærð og notkun skips segir til um, svo og búnaður sá sem í því er, eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar þeirra efna sem þar eru og sá mannfjöldi sem þar getur mestur orðið, skal vistarverum og vinnustöðum í lokuðu rými, þar með talið vélarrúmi og fiskilest ef nauðsyn krefur, séð fyrir viðeigandi

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 245, 26. 8. 1992, bls. 23.

slökkvibúnaði og þeim reykskynjunar- og viðvörunartækjum sem þörf kann að vera á.

- 5.2. Slökkvibúnaður skal ávallt varðveittur á vissum stað, honum skal haldið í góðu ástandi og hann skal vera tiltækur til tafarlausrar notkunar.

Starfsmönnum skal vera kunnugt um staðsetningu slökkvibúnaðar, hvernig hann vinnur og hvernig ber að nota hann.

Ávallt skal ganga úr skugga um að slökkvitæki og annar færanlegur slökkvibúnaður sé á sínum stað áður en skip lætur úr höfn.

- 5.3. Handvirkur slökkvibúnaður skal vera innan seilingar og auðveldur í notkun auk þess sem hann skal auðkenndur með skiltum í samræmi við þær innanlandsreglur sem settar hafa verið til að framfylgja tilskipun 92/58/EBE.

Skiltunum skal komið fyrir á viðeigandi stöðum og skulu þau vera endigargóð.

- 5.4. Eldvarnar- og aðvörunarkerfi skulu prófuð reglulega og þeim haldið vel við.

- 5.5. Slökkviliðsæfingar skulu haldnar reglulega.

6. Loftræsting á lokuðum vinnustöðum

Gera skal ráðstafanir til að tryggja, með hliðsjón af vinnuaðferðum og líkamlegri áreynslu starfsmanna, að nægilegt ferskt loft sé á lokuðum vinnustöðum.

Ef útblástursviftur eru notaðar til loftræstingar skal þeim haldið í nothæfu ástandi.

7. Hiti á vinnusvæðum

- 7.1. Hiti á vinnusvæðum skal vera hæfilegur mönnum meðan á vinnu stendur með hliðsjón af vinnuaðferðum og líkamlegri áreynslu starfsmanna, raunverulegum og hugsanlegum veðurskilyrðum á svæðinu þar sem skipið starfar.

- 7.2. Hiti í vistarverum, þar sem hreinlætisaðstaða er, matstofum og sjúkrastofum skal henta hinu sérstaka hlutverki slíkra vistarvera.

8. Dagsbirta og lýsing á vinnustöðum

- 8.1. Á vinnustöðum skal vera svo mikil dagsbirta sem kostur er, og skulu þeir einnig búnir hentugri raflýsingu til nota við þær fiskveiðar sem stundaðar eru til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna og stofna ekki öðrum skipum í hættu.

- 8.2. Búnaði til lýsingar í vinnuherbergjum, stigum, tröppum og á göngum skal komið þannig fyrir að hann valdi starfsmönnum engri slyshættu og trufli ekki siglingu skipsins.

- 8.3. Á vinnustöðum þar sem starfsmönnum er sérstök hættu búin ef lýsing bregst skal séð fyrir fullnægjandi neyðarlýsingu.

- 8.4. Neyðarlýsingu skal haldið í starfhæfu ástandi auk þess sem hún skal prófuð reglulega.

9. Þilför, skilrúm og loft

- 9.1. Staðir þar sem starfsmenn fara um skulu ekki vera lausir við hálfu og þeir skulu hafa búnað til að koma í veg fyrir fall og vera lausir við hindranir eftir því sem unnt er.

- 9.2. Vinnustaðir þar sem settar eru upp verkstöðvar skulu vera nægilega hljóðeinangraðir og einangraðir með hliðsjón af þeim athöfnum sem þar fara fram og líkamlegum störfum starfsmanna.
- 9.3. Yfirborð á þilförum, skilrúmunum og loftum vinnustaða skal vera þannig að viðunandi hreinlæti megi ná með þvotti og hreinsun.

10. Hurðir

- 10.1. Hurðir skulu ávallt vera opnanlegar innan frá hvenær sem er án sérstakrar aðstoðar.

Hurðir skal vera hægt að opna á báða vegu meðan starfsmenn eru á vinnustað.

- 10.2. Hurðir, sérstaklega rennihurðir ef nauðsynlegt er að nota þær, skulu virka eins örugglega og unnt er fyrir starfsmenn, einkum við slæm veðurskilyrði og í sjógangi.

11. Umferðarleiðir — hættusvæði

- 11.1. Gangar, lokaðir gangar, hlutar af þilfarsyfirbyggingu sem eru utanhúss og almennt allar umferðarleiðir skal útbúa með handriðum, rekkverkum og líflínunum eða með öðrum útbúnaði til að tryggja öryggi starfsmanna við vinnu um borð í skipi.

- 11.2. Ef hætta er á að starfsmenn falli niður um op á þilfari eða frá einu þilfari til annars skal sjá fyrir fullnægjandi vörn þar sem því verður við komið.

Ef slík vörn er veitt með handriðum skulu þau vera að minnsta kosti eins metra há.

- 11.3. Aðgangur að starfsstöðvum ofan þilfars þar sem vinna og viðhald fer fram skal vera þannig gerður að öryggi starfsmanna sé tryggt.

Séð skal fyrir handriðum eða varnarbúnaði af svipaðri gerð sem er nægilega hár til að koma í veg fyrir fall.

- 11.4. Borðstokkum og öðrum búnaði til að koma í veg fyrir að menn falli fyrir borð skal haldið í góðu ásigkomulagi.

Borðstokkar skulu búnir lensiopum eða öðrum álíka búnaði svo sjór og vatn renni burt með skjótum hætti.

- 11.5. Á skuttogurum með skutrennum, skal komið fyrir hliði eða öðrum búnaði sömu hæðar og borðstokkur eða annar nálægur búnaður efst á skutrenninni til að koma í veg fyrir að starfsmenn falli niður í skutrennuna.

Auðvelt skal vera að opna og loka hliðinu eða hliðstæðum búnaði, helst með fjarstýringu, og hliðið skal eingöngu opnað þegar verið er að setja veiðarfæri í sjó eða innbyrða þau.

12. Skipulag verkstöðva

- 12.1. Vinnusvæðum skal haldið hreinum og þau skulu eftir fremsta megni vera varin fyrir sjógangi og þau skulu þannig búnar að starfsmenn séu nægilega vel varðir gegn falli og gegn því að falla fyrir borð.

Fiskvinnslusvæði skulu vera nægilega rúmgóð, bæði með tilliti til hæðar og svigrúms.

- 12.2. Sé skipsvélum stjórnað frá vélarrúmi skal þeim stjórnað frá aðskildu rými, hljóð- og hitaeinangruðu frá vélarrúminu sjálfu og aðgengilegu án þess að ganga um vélarrúmið.

Stjórnvallurinn telst vera svæði sem uppfyllir skilyrði fyrstu undirgreinar.

- 12.3. Stjórnstækjum lyftibúnaðar skal komið fyrir á svæði sem er nægilega rúmgott svo stjórnendur þeirra geti unnið þar hindrunarlaust.
- Lyftibúnaðurinn skal einnig búinn viðeigandi öryggistækjum ef um neyðartilvik er að ræða, þar með töldum búnaði til neyðarstöðvunar.
- 12.4. Stjórnandi lyftibúnaðar skal hafa nægilega góða yfirsýn yfir lyftibúnaðinn og þá starfsmenn sem eru að störfum.
- Sé lyftibúnaðinum stjórnað frá stjórnspalli ætti stjórnandi hans einnig að hafa óhindrað útsýni til starfsmanna sem eru að störfum, annað hvort beint eða með öðrum miðlum sem henta til þess.
- 12.5. Nota skal ábyggilegt samskiptakerfi til boðskipta milli stjórnspalls og vinnuþilfars.
- 12.6. Ábyggileg vaktstaða skal ætíð viðhöfð á stjórnspalli og áhöfnin vöruð við aðsteðjandi hættu vegna brotsjóa meðan á fiskveiðum stendur eða meðan önnur vinna fer fram á þilfari.
- 12.7. Með hjálp hlífðarbúnaðar skal eftir fremsta megni reynt að koma í veg fyrir snertingu við óvarin reipi og víra sem og hreyfanlega hluta búnaðar.
- 12.8. Koma skal fyrir búnaði til að festa hreyfanlega hluta, einkum á togskipum:
- búnaði til að sjóbúa toghlera,
 - búnaði til að koma í veg fyrir að trollpokinn sveiflist.

13. Vistarverur

- 13.1. Staðsetning, bygging, hljóðeinangrun, hitaeinangrun og fyrirkomulag vistarvera starfsmanna og annarrar aðstöðu, ef hún er fyrir hendi, og aðgengi þar að ætti að vera með þeim hætti að nægileg vernd sé til staðar gegn veðri og sjógangi, titringi, hávaða og óþægilegri lykt frá öðrum hlutum skipsins sem kynni að trufla starfsmenn meðan hvíldartími þeirra stendur yfir.
- Ef byggingarlag skips, stærð og hlutverk þess leyfir skulu vistarverur starfsmanna staðsettar þar sem áhrif hreyfingar og hraðabreytinga eru sem minnst.
- Gera ber viðeigandi ráðstafanir til að vernda þá sem ekki reykja fyrir óþægindum af völdum tóbaksreyks.
- 13.2. Vistarverur starfsmanna skulu vera nægilega loftræstar til að tryggja stöðugt aðstreymi fersks lofts og koma í veg fyrir rakapéttingu.
- Sjá skal fyrir nægri lýsingu í visarverum með:
- fullnægjandi venjulegri og almennri lýsingu,
 - deyfðri almennri lýsingu til að koma í veg fyrir að starfsmenn sem hvílast verði fyrir truflun, og
 - staðbundinni lýsingu við hvert rúm.
- 13.3. Eldhús og borðstofa, þar sem slíkt er fyrir hendi, skulu vera rúmgóð, vel upplýst, loftræst og auðræstanleg.
- Séð skal fyrir kælskápum og öðrum lághitabúnaði til geymslu matvæla.

14. Hreinlætisaðstaða

- 14.1. Skip með vistarverum, steypiböðum með heitu og köldu rennandi vatni, handlaugum og salernum skulu vera nægilega vel búin og innréttuð og þessi svæði skulu hafa fullnægjandi loftræstingu.

14.2. Sérhver starfsmaður skal hafa afnot að hirslu þar sem hann getur geymt föt sín.

15. **Skyndihjálp**

Um borð í öllum skipum skal vera búnaður til skyndihjálpar og skal hann uppfylla skilyrði II. viðauka tilskipunar 92/29/EBE.

16. **Landgöngustigar og -brýr**

Landgöngustigi, landgöngubrú eða álíka búnaður til að komast með öruggum hætti um borð í skipið skal vera fyrir hendi.

17. **Hávaði**

Öllum viðeigandi tæknilegum ráðstöfunum skal beitt til að minnka eftir föngum hávaða á vinnustað og í vistarverum, að teknu tilliti til stærðar skipsins.

II. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR UM ÖRYGGI OG HOLLUSTUHÆTTI UM BORD Í ELÐRI FISKISKIPUM

(5. gr. og a-liður 1. mgr. 7. gr.)

Almenn athugasemd

Þær kröfur sem mælt er fyrir um í viðauka þessum eiga ávallt við, eftir því sem gerð og ástand eldra fiskiskips leyfir, þegar þess er krafist vegna aðstæðna á vinnustað, vegna þeirrar starfsemi sem þar er stunduð, umhverfis eða aðstoðjandi hættu um bord í eldra fiskiskipi.

1. Haffærni og stöðugleiki

- 1.1. Skipinu skal haldið í haffæru ástandi og vera búið viðeigandi búnaði sem hentar tilgangi þess og notkun.
- 1.2. Upplýsingar um stöðugleika skipsins skulu vera fyrir hendi um bord og vera aðgengilegar vakthafandi mönnum.
- 1.3. Við venjulega notkun óskemmds skips skal það hafa nægilegan stöðugleika.
Skipstjóranum ber að gera nauðsynlegar fyrirbyggjandi ráðstafanir sem miða að því að skipið hafi nægilegan stöðugleika.
Farið skal eftir fyrirmælum um stöðugleika skipsins í einu og öllu.

2. Vélar og rafbúnaður

- 2.1. Rafbúnaður skal þannig hannaður og útfærður að engin hætta fylgi og að tryggt sé:
 - að skip og skipshöfn sé varin gegn hættu af völdum rafmagns,
 - að allur búnaður sem nauðsynlegur er til að viðhalda eðlilegri starfsemi og lífsskilyrðum virki með eðlilegum hætti án þess að neyðarorkubirgðir séu nýttar,
 - að raftæki sem eru nauðsynleg vegna öryggis í öllum neyðartilvikum starfi rétt.
- 2.2. Séð skal fyrir neyðarorkuveitu.
Neyðarorkuveita skal staðsett utan vélarúms, nema ef um er að ræða opið skip, og skal í öllum tilvikum þannig komið fyrir að þótt eldsvoði eða bilun verði í aðalraforkuveitu skuli í minnst þrjár klukkustundir verði hægt að starfrækja:
 - innanhússboðskiptakerfi, eldskynjara og neyðarmerki,
 - siglingarljós og neyðarlýsingu,
 - fjarskiptabúnað,
 - rafknúna neyðarslökkvidælu, ef hún er fyrir hendi.

Ef neyðarorkuveita er rafgeymir og aðalorkuveitan bregst skal rafgeymirinn tengjast sjálfvirkt við skiptiborð fyrir neyðarraforku og veita orku óslitið í þrjár klukkustundir til kerfanna sem um getur í fyrsta, öðrum og þriðja undirlíð annarrar undirgreinar.

Aðalraforkuskiptiborð og neyðarskiptiborð skulu eftir fremsta megni vera sett þannig upp að þau verði ekki samtímis fyrir vatns- eða eldskemmdum.
- 2.3. Skiptiborð skulu greinilega merkt; útsláttaröryggiskassar og -hylki skulu reglulega skoðuð til að tryggja að rétt stærð vartappa sé notuð.

- 2.4. Klefar þar sem rafgeymar eru staðsettir skulu vera nægilega loftræstir.
- 2.5. Rafeindaleiðsögutæki skulu prófuð oft og þeim haldið vel við.
- 2.6. Allur spil- og lyftibúnaður skal prófaður og skoðaður reglulega.
- 2.7. Öllum hlutum lyfti-, spilbúnaðar og tengds búnaðar skal haldið við og þeir skulu vera í góðu lagi.
- 2.8. Ef kæliklefar og þrýstiloftskerfi eru um borð skal þeim haldið vel við og þau skoðuð reglulega.
- 2.9. Eldunar- og heimilistæki sem brenna þungu gasi skulu eingöngu notuð þar sem loftræsting er fullnægjandi og þess skal gætt að ekki myndist hættulegar lofttegundir við notkun þeirra.

Þrýstihylki sem innihalda eldfimar og aðrar hættulegar lofttegundir skulu merkt með innihaldi þeirra og varðveitt á opnum þilförum.

Allir lokar, þrýstijafnarar og leiðslur frá þrýstihylkjunum skulu varin fyrir skemmdum.

3. Fjarskiptabúnaður

Unnt skal vera að hafa samband með fjarskiptabúnaði hvenær sem er við að minnsta kosti eina strand- eða landstöð að teknu tilliti til venjulegra aðstæðna til sendingar útvarpsbylgna.

4. Undankomuleiðir og neyðarútgangar

- 4.1. Undankomu- og útgönguleiðum, sem unnt er að nota sem neyðarútganga, skal ávallt haldið ótepptum og aðgengilegum og skal leiðin liggja sem beinast út undir bert loft eða á öruggan stað og þaðan til björgunarfars þannig að starfsmenn geti yfirgefið vinnustaði sína og vistarverur ein fljótt og unnt er.
 - 4.2. Fjöldi undankomuleiða og neyðarútganga, staðsetning þeirra og stærð skulu miðast við notkun, útbúnað og stærð vinnustaðar og vistarvera og þann mannfjölda sem þar getur mestur orðið.

Í neyðartilviki skulu starfsmenn eða hjálparliðar geta tekið í notkun útgönguleiðir sem hægt er að nota sem neyðarútganga en eru lokaðir öllu jöfnu.
 - 4.3. Auðkenna skal sérstakar undankomuleiðir og neyðarútganga með skiltum í samræmi við þær innanlands-reglur sem settar hafa verið til að framfylgja tilskipun 92/58/EBE.

Skiltunum skal komið fyrir á viðeigandi stöðum og skulu þau vera endingargóð.
 - 4.4. Þar sem lýsingar er þörf í neyðarútgöngum og á undankomuleiðum skal vera fullnægjandi neyðarlýsing ef straumlaust verður.
- ### 5. Eldvarnir og slökkvistarf
- 5.1. Eftir því sem stærð og notkun skips segir til um, svo og búnaður sá sem í því er, eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar þeirra efna sem þar eru og sá mannfjöldi sem þar getur mestur orðið, skal vistarverum og vinnustöðum í lokuðu rými, þar með talið vélarrúmi og fiskilest ef nauðsyn krefur, séð fyrir viðeigandi slökkvibúnaði og þeim reykskynjunar- og viðvörunartækjum sem þörf kann að vera á.

- 5.2. Slökkvibúnaður skal ávallt varðveittur á vissum stað, honum skal haldið í góðu ástandi og hann skal vera tiltækur til tafarlausrar notkunar.
- Starfsmönnum skal vera kunnugt um staðsetningu slökkvibúnaðar, hvernig hann vinnur og hvernig ber að nota hann.
- Ávallt skal ganga úr skugga um að slökkvitæki og annar færnanlegur slökkvibúnaður sé á sínum stað áður en skip lætur úr höfn.
- 5.3. Handvirkur slökkvibúnaður skal vera innan seilingar og auðveldur í notkun auk þess sem hann skal auðkenndur með skiltum í samræmi við þær innanlandsreglur sem settar hafa verið til að framfylgja tilskipun 92/58/EBE.
- Skiltunum skal komið fyrir á viðeigandi stöðum og skulu þau vera endingargóð.
- 5.4. Eldvarnar- og aðvörunarkerfi skulu prófuð reglulega og þeim haldið vel við.
- 5.5. Slökkviliðsæfingar skulu haldnar reglulega.
- 6. Loftræsting á lokuðum vinnustöðum**
- Gera skal ráðstafanir til að tryggja, með hliðsjón af vinnuaðferðum og líkamlegri áreynslu starfsmanna, að nægilegt ferskt loft sé á lokuðum vinnustöðum.
- Ef útblástursviftur eru notaðar til loftræstingar skal þeim haldið í nothæfu ástandi.
- 7. Hiti á vinnusvæðum**
- 7.1. Hiti á vinnusvæðum skal vera hæfilegur mönnum meðan á vinnu stendur með hliðsjón af vinnuaðferðum og líkamlegri áreynslu starfsmanna, raunverulegum og hugsanlegum veðurskilyrðum á svæðinu þar sem skipið starfar.
- 7.2. Hiti í vistarverum, þar sem hreinlætisaðstaða er, matstofum og sjúkrastofum skal henta hinu sérstaka hlutverki slíkra vistarvera.
- 8. Dagsbirta og lýsing á vinnustöðum**
- 8.1. Á vinnustöðum skal vera svo mikil dagsbirta sem kostur er, og skulu þeir einnig búnir hentugri raflýsingu til nota við þau störf sem stunduð eru til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna og stofna ekki öðrum skipum í hættu.
- 8.2. Búnaði til lýsingar í vinnuherbergjum, stigum, tröppum og á göngum skal komið þannig fyrir að hann valdi starfsmönnum engri slyshættu og trufla ekki siglingu skipsins.
- 8.3. Á vinnustöðum þar sem starfsmönnum er sérstök hættu búin ef lýsing bregst skal séð fyrir fullnægjandi neyðarlýsingu.
- 8.4. Neyðarlýsingu skal haldið í starfhæfu ástandi auk þess sem hún skal prófuð reglulega.
- 9. Þilför, skilrúm og loft**
- 9.1. Staðir þar sem starfsmenn fara um skulu ekki vera lausir við hálfu og þeir skulu hafa búnað til að koma í veg fyrir fall og vera lausir við hindranir eftir því sem unnt er.
- 9.2. Vinnustaðir þar sem settar eru upp verkstöðvar skulu vera hljóðeinangraðir og einangraðir eftir fongum með hliðsjón af þeim athöfnum sem þar fara fram og líkamlegum störfum starfsmanna.

- 9.3. Yfirborð á þilförum, skilrúmunum og loftum vinnustaða skal vera þannig að viðunandi hreinlæti megi ná með þvotti og hreinsun.

10. Hurðir

- 10.1. Hurðir skulu ávallt vera opnanlegar innan frá hvenær sem er án sérstakrar aðstoðar.

Hurðir skal vera hægt að opna á báða vegu meðan starfsmenn eru á vinnustað.

- 10.2. Hurðir, sérstaklega rennihurðir ef nauðsynlegt er að nota þær, skulu virka eins örugglega og unnt er fyrir starfsmenn, einkum við slæm veðurskilyrði og í sjógangi.

11. Umferðarleiðir — hættusvæði

- 11.1. Gangar, lokaðir gangar, hlutar af þilfarsyfyrbyggingu sem eru utanhúss og almennt allar umferðarleiðir skal útbúa með handriðum, rekkverkum og líflinum eða með öðrum útbúnaði til að tryggja öryggi starfsmanna við vinnu um borð í skipi.

- 11.2. Ef hætta er á að starfsmenn falli niður um op á þilfari eða frá einu þilfari til annars skal sjá fyrir fullnægjandi vörn þar sem því verður við komið.

Ef slík vörn er veitt með handriðum skulu þau vera að minnsta kosti eins metra há.

- 11.3. Aðgangur að starfsstöðvum ofan þilfars þar sem vinna og viðhald fer fram skal vera þannig gerður að öryggi starfsmanna sé tryggt.

Séð skal fyrir handriðum eða varnarbúnaði af svipaðri gerð sem er nægilega hár til að koma í veg fyrir fall.

- 11.4. Borðstokkum og öðrum búnaði til að koma í veg fyrir að menn falli fyrir borð skal haldið í góðu ásigkomulagi.

Borðstokkar skulu búnir lensiopum eða öðrum álíka búnaði svo sjór og vatn renni burt með skjótum hætti.

- 11.5. Á skuttogurum með skutrennum, skal komið fyrir hliði eða öðrum búnaði sömu hæðar og borðstokkur eða annar nálægur búnaður á skutrenninni til að koma í veg fyrir að starfsmenn falli niður í skutrennuna.

Auðvelt skal vera að opna og loka hliðinu eða hliðstæðum búnaði og hliðið skal eingöngu opnað þegar verið er að setja veiðarfæri í sjó eða innbyrða þau.

12. Skipulag verkstöðva

- 12.1. Vinnusvæðum skal haldið hreinum og þau skulu eftir fremsta megni vera varin fyrir sjógangi og þau skulu þannig búin að starfsmenn séu nægilega vel varðir gegn falli og gegn því að falla fyrir borð.

Fiskvinnslusvæði skulu vera nægilega rúmgóð, bæði með tilliti til hæðar og svigrúms.

- 12.2. Sé skipsvélum stjórnað frá vélarrúmi skal þeim stjórnað frá aðskildu rými, hljóð- og hitaeinangruðu frá vélarrúminu sjálfu og aðgengilegu án þess að ganga um vélarrúmið.

Stjórnvallurinn telst vera svæði sem uppfyllir skilyrði fyrstu undirgreinar.

- 12.3. Stjórnstækjum lyftibúnaðar skal komið fyrir á svæði sem er nægilega rúmgott svo stjórnendur þeirra geti unnið þar hindrunarlaust.

Lyftibúnaðurinn skal einnig búinn viðeigandi öryggistækjum ef um neyðartilvik er að ræða, þar með töldum búnaði til neyðarstöðvunar.

- 12.4. Stjórnandi lyftibúnaðar skal hafa nægilega góða yfirsýn yfir lyftibúnaðinn og þá starfsmenn sem eru að störfum.
- Sé lyftibúnaðinum stjórnað frá stjórnspalli ætti stjórnandi hans einnig að hafa óhindrað útsýni til starfsmanna sem eru að störfum, annað hvort beint eða með öðrum miðlum sem henta til þess.
- 12.5. Nota skal ábyggilegt samskiptakerfi til boðskipta milli stjórnspalls og vinnuþilfars.
- 12.6. Ábyggileg vaktstaða skal ætíð viðhöfð á stjórnspalli og áhöfnin vöruð við aðsteðjandi hættu vegna brotsjóa meðan á fiskveiðum stendur eða meðan önnur vinna fer fram á þilfari.
- 12.7. Með hjálp hlífðarbúnaðar skal eftir fremsta megni reynt að koma í veg fyrir snertingu við óvarin reipi og víra sem og hreyfanlega hluta búnaðar.
- 12.8. Koma skal fyrir búnaði til að festa hreyfanlega hluta, einkum á togskipum:

— búnaði til að sjóbúa toghlera,

— búnaði til að koma í veg fyrir að trollpokinn sveiflist.

13. Vistarverur

- 13.1. Vistarverur starfsmanna, ef þær eru fyrir hendi, skulu vera með þeim hætti að hávaði, titringur og áhrif hreyfingar og hraðabreytinga auk óþægilegrar lyktar frá öðrum hlutum skipsins séu sem minnst.
- Sjá skal fyrir nægilega sterkri lýsingu í visarverum með:

- 13.2. Eldhús og borðstofa, þar sem slíkt er fyrir hendi, skulu vera rúmgóð, vel upplýst, loftræst og auðræstanleg. Séð skal fyrir kælskápum og öðrum lághitabúnaði til geymslu matvæla.

14. Hreinlætisaðstaða

Skip með vistarverum, salernum, handlaugum og, ef hægt er steypiböðum, skulu vera nægilega vel búin og innréttuð og þessi svæði skulu hafa fullnægjandi loftræstingu.

15. Skyndihjálpar

Um borð í öllum skipum skal vera búnaður til skyndihjálpar og skal hann uppfylla skilyrði II. viðauka tilskipunar 92/29/EBE.

16. Landgöngustigar og -brýr

Landgöngustigi, landgöngubrú eða álíka búnaður til að komast með öruggum hætti um borð í skipið skal vera fyrir hendi.

III. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR UM ÖRYGGI OG HOLLUSTUHÆTTI Í TENGLUM VIÐ BJÖRGUNAR- OG LÍFGJAFARBÚNAÐAR**(d-liður 1. mgr. 7. gr.)****Almenn athugasemd**

Þær kröfur sem mælt er fyrir um í þessum viðauka eiga ávallt við þegar þess er krafist vegna aðstæðna á vinnustað, vegna þeirrar starfsemi sem stunduð er, umhverfis eða aðsteðjandi hættu um borð í skipi.

1. Um borð í skipinu skal vera fullnægjandi neyðar- og lífgjafarbúnaður, þar með talinn fullnægjandi búnaður til að bjarga starfsmönnum úr sjó eða vatni og radióbjörgunarbúnaður, einkum baujur með neyðarútlvarpsvita til staðsetningar, búnaur vatnsþrýstingsvirkum sleppibúnaði, að teknu tilliti til fjölda einstaklinga um borð og staðsetningar skipsins.
2. Allir hlutar björgunar- og lífgjafarbúnaðar skulu varðveittir á þar til gerðum stöðum, þeim skal viðhaldið í góðu ásigkomulagi og vera tiltækir til tafarlausrar notkunar.
Starfsmenn skulu yfirfara búnaðinn áður en skip lætur úr höfn og meðan á sjóferð stendur.
3. Björgunar- og lífgjafarbúnaður skal skoðaður reglulega.
4. Allir starfsmenn skulu hljóta viðeigandi þjálfun og leiðbeiningar í slysavörnum.
5. Sé skip lengra en 45 metrar eða starfsmenn fimm eða fleiri skal séð fyrir nafnaskrá til útkalls með skýrum fyrirmælum handa hverjum starfsmanni sem hann skal fara eftir í neyðartilviki.
6. Útkall starfsmanna til björgunaræfingar skal fara fram mánaðarlega í höfn og á sjó.
Þessar æfingar skulu tryggja að starfsmenn séu færir um að gegna þeim skyldum sem þeim eru faldar vegna meðhöndlunar og notkunar alls björgunar- og lífgjafarbúnaðar.
Starfsmenn skulu hljóta þjálfun í að setja upp og nota færanlegan fjarskiptabúnað ef hann er fyrir hendi um borð.

IV. VIÐAUKI

**LÁGMARKSKRÖFUR UM ÖRYGGI OG HOLLUSTUHÆTTI Í TENGLUM VIÐ
PERSÓNUHLÍFAR****(e-liður 1. mgr. 7. gr.)****Almenn athugasemd**

Þær kröfur sem mælt er fyrir um í þessum viðauka eiga ávallt við þegar þess er krafist vegna aðstæðna á vinnustað, þeirrar starfsemi sem stunduð er, umhverfis eða aðsteðjandi hættu um borð í skipi.

1. Ef ekki er unnt að koma í veg fyrir að hætta steðji að starfsmönnum eða draga nægilega úr henni með sameiginlegum eða tæknilegum varnarráðstöfunum skal þeim séð fyrir persónuhlífum.
2. Persónuhlífar í formi fatnaðar eða yfirhafna skulu vera í skærum andstæðulitum miðað við sjávarumhverfið auk þess sem þær skulu vera vel sýnilegar.